

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 3/2007

Bifreiðastöð Oddeyrar ehf.

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I.

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dags. 2. apríl 2007, hefur Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra f.h. Bifreiðastöðvar Oddeyrar ehf. kært ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2007, dags. 22. mars 2007, þess efnis að synja fyrirtækinu um undanþágu til að gefa út hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðar þess.

Áfrýjandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að honum verði veitt undanþága til að gefa út samræmda hámarksökutaxta.

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

II.

Helstu málavextir

Með bréfi er barst Samkeppniseftirlitinu hinn 5. febrúar 2007 óskaði áfrýjandi, með vísan til 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, eftir undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. laganna, til að gefa út samræmda hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra stöðvarinnar. Vísaði áfrýjandi m.a. til þess að hann væri í samkeppni við Strætisvagna Akureyrar en þjónusta þeirra væri gjaldfrjáls. Þá væri hann í samkeppni við Sérleyfisbíla Akureyrar og bílaleigur. Erfitt væri að sjá hvernig frjáls samkeppni gæti þrífist á þessu litla markaðssvæði en atvinnuleyfi á svæðinu fyrir leigubifreiðar væru einungis tuttugu.

Málavöxtum er að öðru leyti lýst í hinni kærðu ákvörðun. Hinn 22. mars 2007 tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun í málinu. Ákvörðunarorð eftirlitsins hljóða svo:

„Samkeppniseftirlitið telur að skilyrði 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 til að veita undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. sömu laga séu ekki uppfyllt í máli þessu. Beiðni Bifreiðastöðvar Oddeyrar um undanþágu til að gefa út samræmda hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðar er því hafnað.“

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð Samkeppniseftirlitsins barst 7. maí 2007. Af hálfu áfrýjanda voru ekki settar fram frekari athugasemdir.

III.

Helstu málsástæður málsaðila

Málsástæður áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er vísað til þess að hann sé í samkeppni við Strætisvagna Akureyrar sem og Sérleyfisbíla Akureyrar – Norðurleið. Samkeppniseftirlitið hafi hafnað því að um samkeppni væri að ræða við strætisvagnana. Hins vegar hafi eftirlitið leitt hjá sér að fjalla um samkeppni við sérleyfisbíla. Sérleyfisbílur Akureyrar séu fólksflutningafyrirtæki. Það sæki og skili farþegum á flugvöll, aki farþegum í vinnustaðasamkvæmi,

skemmtistaði o.fl. Fyrirtækið starfi því á sama markaði og áfrýjandi og sé samkeppnin raunveruleg.

Áfrýjandi bendir á að vegna tilboða hans í akstur, t.d. fyrir Akureyrarbæ, verði allir bifreiðastjórar að vera þátttakendur í tilboði til þess að hann geti sinnt því og erfitt væri að samræma mismunandi verð. Telur áfrýjandi að Samkeppniseftirlitið hafi litið fram hjá þessu atriði í ákvörðun sinni.

Málsástæður Samkeppniseftirlitsins

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er vísað til þess að í hinni kærðu ákvörðun sé rökstutt að rekstur sérleyfishafa, strætisvagna og bílaleigufyrirtækja sé ekki á sama markaði og rekstur leigubifreiða. Hvað varði sérleyfishafa sé þess sérstaklega getið að þeir aki samkvæmt fyrirfram birtri áætlun á tiltekinni leið gegn föstu sætisgjaldi og séu því ekki í samkeppni við leigubifreiðar. Sömu rök eigi að breyttu breytanda einnig við um strætisvagna. Sérleyfisbílar Akureyrar stundi ekki leigubifreiðakstur en samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um leigubifreiðar nr. 134/2001 gildi þau ekki um fólksbifreiðar sem skráðar séu fyrir 8 farþega eða fleiri.

Þá bendir Samkeppniseftirlitið á að jafnvel þótt hin kærða ákvörðun geri áfrýjanda erfiðara fyrir að semja um umræddan akstur við Akureyrarbæ geti það engu breytt um niðurstöðu þessa máls. Ekki sé unnt að fallast á að undanþága um verðsamráð taki til alls leigubifreiðaaksturs á Akureyri. Áfrýjanda hafi verið í lófa lagið að sækja um sérstaka undanþágu samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga vegna umræddra viðskipta við bæjarfélagið en það hafi ekki verið gert. Þá telur Samkeppniseftirlitið ósannað að hin kærða ákvörðun valdi vandkvæðum, en engin gögn hafi verið lögð fram því til stuðnings.

IV. Niðurstaða

1

Eins og áður greinir hafnaði Samkeppniseftirlitið með hinni kærðu ákvörðun beiðni áfrýjanda um undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. samkeppnislaga til að gefa út samræmda hámarksökutaxta fyrir bifreiðarstjóra, sem kaupa þjónustu áfrýjanda og starfrækja leigubifreiðar í nafni hans.

2

Fallist er á rök Samkeppniseftirlitsins í hinni kærðu ákvörðun fyrir því að þjónustumarkaðurinn í máli þessu sé markaðurinn fyrir starfsemi leigubifreiða og að landfræðileg mörk hans séu Akureyri og nágrenni. Ennfremur ber að hafa í huga að áfrýjandi selur viðskiptamönnum sínum, þ.e. leigubifreiðastjórunum, þjónustu sína en hún er einkum fólgin í markaðssetningu á þjónustu þeirra síðarnefndu. Við þetta bætist að fjöldi atvinnuleyfa til leigubifreiðastjóra á svæðinu er takmarkaður og bundinn við að leigubifreiðar séu gerðar út frá leigubifreiðastöð. Á þeim landfræðilega markaði sem hér um ræðir er ein slík stöð.

3

Samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. laganna. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir:

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efli tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
- c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum

markmiðum verði náð og

d. veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Öllum framangreindum skilyrðum verður að vera fullnægt samkvæmt rétttri túlkun ákvæðisins.

4

Sérhver sá sem rekur leigubifreið í atvinnuskyni telst fyrirtæki samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga. Bann 10. gr. laganna tekur því til þeirra sem reka leigubifreiðar hjá áfrýjanda. Væri beiðni hans tekin til greina yrði afleiðingin sú að verðsamkeppni á markaðinum skertist verulega.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til þeirra röksemda sem fram koma í hinni kærðu ákvörðun er fallist á það með Samkeppniseftirlitinu að áfrýjandi teljist ekki fullnægja skilyrðum 15. gr. samkeppnislaga til að hljóta undanþágu þá sem hann hefur óskað eftir. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu ákvörðun.

Meðferð máls þessa hefur m.a. dregist sökum dvalar nefndarmanna erlendis.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2007, frá 22. mars 2007, er staðfest.

Reykjavík, 15. júní 2007

Stefán Már Stefánsson

Brynhildur Benediktsdóttir

Erla S. Árnadóttir